

Ungmennafélag Íslands

Viðbrögð við COVID-19

Hvað þýðir samkomubann?

Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 20 manns koma saman. Við öll minni mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna sé að minnsta kosti yfir tveir metrar og að aðgengi að handþvotti og handspritti sé gott.

Skipulagðir viðburðir sem bannið nær til eru til dæmis: Íþróttaviðburðir, ráðstefnur, málþing, fundir og hliðstæðir viðburðir. Skemmtanir, s.s. tónleikar, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburðir og einkasamkvæmi. Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. vegna útfara, giftinga, ferminga og annarra trúarsamkoma. Að auki þurfa allir aðrir staðir að tryggja að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 manns inni í sama rými. Þetta á t.d. við um vinnustaði, veitingastaði, mötuneyti, kaffihús, skemmtistaði, verslanir, sundlaugar, líkamsræktarstöðvar og söfn. Þessi mörk eiga einnig við um almenningssamgöngur og aðra sambærilegra starfsemi eins og íþróttahús.

Hvað fellur ekki undir samkomubann?

Samkomubannið nær ekki til alþjóðaflugvalla eða alþjóðahafna, flugvéla eða skipa. Hvatt er til þess að sóttvarnaráðstafanir verði eflar og rekstraraðilar grípi til ýtrustu ráðstafana til að minnka möguleika á smiti.

Hvenær hefst samkomubannið og hvenær lýkur því?

Samkomubannið gildir í fjórar vikur, frá og með mánudeginum 16. mars kl. 00:01 til og með mánudagsins 13. apríl kl. 00:01.

[Upplýsingar af vefnum covid.is](https://www.covid.is)

Gildir tveggja metra reglan alltaf í íþróttum?

Samkvæmt nýjustu tilmælum yfirvalda gildir 2 metra reglan fyrir alla.

Samkvæmt nýjustu leiðbeiningum um viðmið í íþrótt- og æskulýðsstarfi í ljósi takmörkunar á skólasterfi og samkomum eru tilmæli um að fella niður allt íþróttastarf.

Mega æfingar fara fram á meðan samkomubann varir?

Mælst er til þess að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Mega mót fara fram á meðan samkomubann varir?

Svarið er nei.

Mælst er til þess að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Er leyfilegt að skipta upp íþróttsal/knattspyrnuhúsi í nokkur minni svæði?

Nei.

Mælst er til þess að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Gilda sömu forsendur fyrir æfingar úti og inni?

Já, sömu reglur gilda um íþróttir inni og úti.

Mælst er til þess að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Er leyfilegt að blanda árgöngum skólabarna á íþróttæfingum?

Nei, það er óheimilt.

Mælst er til þess, m.a. vegna þess að börn blönduðust saman í íþróttum og hættunni sem af því stafar, að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Parf að þrifa búnað/áhöld og tæki eftir hvern iðkanda, hverja æfingu eða bara í lok dag?

Sóttvarnalæknir vill árétta að í auglýsingum heilbrigðisráðherra um samkomubann og um takmarkanir á skólastarfi er fjallað um að nálægð einstaklinga verði ekki minni en tveir metrar ef því er við komið. Einnig er ljóst að með vísan í leiðbeiningar um almennar sóttvarnaráðstafanir t.d. varðandi hreinlæti og smitleiðir að sameiginleg notkun á hverskonar búnaði til íþróttaiðkunar boltum, dýnum, rimlum, handlóðum, skíðalyftum og margs fleira án góðrar sótthreinsunar á milli notkunar einstaklinga er mjög varasöm og ekki í anda fyrirmæla um sóttvarnir.

Því er augljóst að í flestum íþróttum er nánast ómögulegt að æfa eða keppa.

Sóttvarnalæknir vill beina því til Íþrótt- og ólympíusambands Íslands að, líkt og gert hefur varðandi börn og ungmenni, að tekið verði hlé í æfingum og keppnum á vegum sambandsins og aðildarfélaga þeirra á meðan samkomubann varir.

Mega foreldrar vera á íþróttæfingum barna sinna?

Hvernig er með íþróttaiðkun leikskólabarna (íþróttaskólar) þar sem þörf er á stuðningi foreldra?

Sóttvarnalæknir vill árétta að í auglýsingum heilbrigðisráðherra um samkomubann og um takmarkanir á skólastarfi er fjallað um að nálægð einstaklinga verði ekki minni en tveir metrar ef því er við komið. Einnig er ljóst að með vísan í leiðbeiningar um almennar sóttvarnaráðstafanir t.d. varðandi hreinlæti og smitleiðir að sameiginleg notkun á hverskonar búnaði til íþróttaiðkunar boltum, dýnum, rimlum, handlóðum, skíðalyftum og margs fleira án góðrar sótthreinsunar á milli notkunar einstaklinga er mjög varasöm og ekki í anda fyrirmæla um sóttvarnir.

Því er augljóst að í flestum íþróttum er nánast ómögulegt að æfa eða keppa.

Sóttvarnalæknir vill beina því til Íþróttá- og ólympíusambands Íslands að, líkt og gert hefur varðandi börn og ungmenni, að tekið verði hlé í æfingum og keppnum á vegum sambandsins og aðildarfélaga þeirra á meðan samkomubann varir.

Hvernig er best að haga íþróttæfingum fyrir eldri aldurshópa (60+), til dæmis boccia?

Mælst er til þess að skipulagt íþróttastarf á Íslandi falli niður í óákveðinn tíma vegna aðgerða til þess að sporna við útbreiðslu kórónuveirunnar.

Hver eru réttindi starfsmanna í íþróttahreyfingunni?

Starfsmenn og verktakar íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka eiga rétt til hlutagreiðslu samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda, samkvæmt frumvarpi félags- og barnamálaráðherra.

Miðað við það geta starfsmenn íþróttafélaga, þjálfarar og aðrir á launaskrá viðkomandi félags sótt um hlutagreiðslur komi til skerts starfshlutfalls. Gert er ráð fyrir að þær geti numið frá 20-75% skerðingu á móti starfshlutfalli starfsmanna. Komi til skerðingar þarf starfsmaður að semja við yfirmann sinn og sækja að því loknu um greiðslur vegna minna starfshlutfalls.

Í stuttu máli:

Hlutagreiðslur greiddar samhliða allt að 75% minna starfshlutfalli.

Laun frá vinnuveitanda og greiðslu bóta samanlagt geta aldrei numið hærri fjárhæð en 90% af meðaltali heildarlauna launamanns.

Miðað er við meðaltal launa síðustu þriggja mánaða áður en launamaður missti starf sitt að hluta.

Pak á samanlagðar bætur og laun nema 700.000 krónum.

Einstaklingur með 400.000 krónur í launa eða minna á mánuði getur fengið greitt 100% launa sinna.

Gildistími frumvarpsins er frá 15. mars 2020 til 31. maí 2020.

Sjá nánar:

<http://umfi.is/utgafa/frettasafn/ithrottafelog-geta-nytt-hlutagreiðslur/>

Hvernig fer með æfingagjöld ef félög þurfa að fella niður æfingar til lengri tíma?

Svar í vinnslu.

Hvað gerum við með ársfundi sambandsaðila UMFÍ?

Samkomubannið takmarkast við að 20 manns séu samankomnir á einum stað.

Æskilegt er að leita leiða til að halda fundum fáum og takmarka fjölda fundargesta.

Ráðlegra er að á meðan samkomubannið gildir að bjóða fólki fremur upp á fjarfundi hvort heldur er af skrifstofu eða heiman frá viðkomandi.

ÍSí og UMFÍ hafa í sameiningu ákveðið að framlengja frest til að skila inn starfsskýrslum í Felix til 1. júní næstkomandi.

Pau íþróttafélög sem hafa tök á að skila fyrir eru góðfúslega beðin um að ganga frá skilum eins fljótt og auðið er. Það flýtir fyrir úrvinnslu gagna.

Hver eru áhrif samkomubanns á skil á ársskýrslum til UMFÍ?

ÍSÍ og UMFÍ hafa í sameiningu ákveðið að framlengja frest til að skila inn starfsskýrslum í Felix til 1. júní næstkomandi.

Pau íþróttafélög sem hafa tök á að skila fyrir eru góðfúslega beðin um að ganga frá skilum eins fljótt og auðið er. Það flýtir fyrir úrvinnslu gagna.

UMFÍ veitir frekari upplýsingar í síma 568 2929 og í tölvupósti á netfanginu umfi@umfi.is.

Hvað með aðra fundi sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélaganna þeirra?

Samkomubann heilbrigðisyfirvalda takmarkast við að 20 manns séu samankomnir á einum stað og tveir metrar á milli hvers einstaklings.

Æskilegt er að leita leiða til að halda fundum fáum eða fella þá niður og takmarka fjölda fundargesta.

Ráðlegra er að á meðan samkomubannið gildir að bjóða fólki fremur upp á fjarfundi hvort heldur er af skrifstofu eða heiman frá viðkomandi.